


Alþingi
Erindi nr. P 136/379
komudagur 10. 12. 2008

LANDHELGISGÆSLA ÍSLANDS
ICELANDIC COAST GUARD



Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

LHG/106/9,6/ DS/sig
Reykjavík 9. desember 2008.

Umsögn Landhelgisgæslu Íslands um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna kolvetnisstarfsemi, 152. mál.

Landhelgisgæsla Íslands gerir ekki efnislegar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins. Hins vegar vill Landhelgisgæslan benda á að skv. Hafréttarsamningi sameinuðu þjóðanna eru margvíslegar skyldur lagðar á ríki sem heimilar hafsbotnsstarfsemi innan sinnar lögsögu sbr. t.d. 208. gr. samningsins þar sem segir:


208. gr.

*Mengun frá hafsbotnsstarfsemi
undir innlendri lögsögu*

1. Strandríki skulu setja lög og reglur til að koma í veg fyrir, draga úr og hafa eftirlit með mengun hafrymisins af völdum eða í sambandi við hafsbotnsstarfsemi undir lögsögu þeirra, svo og frá tilbúnum eyjum, útbúnaði og mannvirkjum undir lögsögu þeirra samkvæmt 60. og 80. gr.
2. Ríki skulu gera aðrar ráðstafanir sem nauðsynlegar kunna að vera til að koma í veg fyrir, draga úr og hafa eftirlit með þessari mengun.
3. Þessi lög, reglur og ráðstafanir skulu ekki ganga skemma en alþjóðlegar reglur, staðlar og tilmæli um venjur og starfshætti.
4. Ríki skulu leitast við að samræma stefnu sína í þessu tilliti á viðeigandi svæðisvettvangi.
5. Ríki skulu, einkum með starfi á vettvangi þar til bærra alþjóðastofnana eða á ráðstefnum stjórnarereindreka, móta heims- og svæðisbundnar reglur, staðla og tilmæli um venjur og starfshætti til að koma í veg fyrir, draga úr og hafa eftirlit með mengun hafrymisins sem getið er í 1. tl. Þessar reglur, staðla og tilmæli um venjur og starfshætti skal endurskoða öðru hverju ef nauðsyn krefur.

Ríki sem heimilar slíka starfsemi þarf að ráða yfir búnaði til að bregðast við bráðamengun og hafa eftirlit með slíkri mengun. Komi til þess í framtíðinni að vinnsla kolvetnis hefjist innan íslenskrar lögsögu, má reikna með að Landhelgisgæslan hafi eftirlit með mengun, a.m.k. upp að vissu marki, og verði kölluð til hjálpar ef bráðamengun eða sjóslys eiga sér stað. Þetta kallar á aukinn öryggisviðbúnað hjá Landhelgisgæslunni og staðsetningu leitar- og björgunartækja utan Reykjavíkur. Gera þarf ráð fyrir auknum rekstrarkostnaði hjá Landhelgisgæslunni og spurning er hvort leyfishafar eiga að einhverju leyti að standa undir auknum eftirlitskostnaði strandríkisins (með skipum og loftförum) vegna hafsbotnsstarfsemi.

F. h. Landhelgisgæslu Íslands,


Dagmar Sigurðardóttir lögfr.